

Ed.

305. Nefndarálit

[138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 13. apríl 1955, um breyt. á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar yfirdýralæknis. Umsögn hans er svo hljóðandi:

„8. marz 1958.

Með bréfi, dags. 4. marz 1958, óskar háttvirt landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis eftir umsögn minni um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 19 13. apríl 1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Gerir frumvarp þetta ráð fyrir, að Vestur-Barðastrandarsýsla verði sameinuð Dalaumdæmi, en sú sýsla hefur áður heyrð undir Ísafjarðarumdæmi.

Með tilliti til skepnufjölda í þessum tveimur umdæmum virðist ekki skipta miklu máli, í hvoru umdæminu Vestur-Barðastrandarsýsla verður lögfest, því að tala nautgripa og sauðfjár er svipuð í Ísafjarðar- og Dalaumdæmi, ef Vestur-Barðastrandarsýsla er ekki talin með. Eins og samgöngum er nú háttað, mun auðveldara fyrir íbúa Vestur-Barðastrandarsýslu að ná til dýralæknis, er situr í Dalaumdæmi, heldur en dýralæknis í Ísafjarðarumdæmi, sem væntanlega hefur búsetu á Ísafirði. Að minnsta kosti mun svo vera að sumri til og fram á haust, meðan vegir eru færir.

Að vetri til mun samgöngum hins vegar þann veg háttað í þessum landshluta, að mjög verður erfitt fyrir íbúa Vestur-Barðastrandarsýslu að ná til dýralæknis bæði frá Ísafirði og Króksfjarðarnesi eða öðrum stöðum í Dalaumdæmi.

Sú breyting, sem hér er gert ráð fyrir, leysir því eigi erfiðleika þá, sem bændur í Vestur-Barðastrandarsýslu eiga við að etja, er þeir þurfa að leita dýralæknis, því að reynslan er sú, að kvillar ýmiss konar í búfé eru mest áberandi að vetrinum til, er samgöngur eru örðugastar.

Virðingarfyllt,

Páll A. Pálsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis, alþingishúsinu.“

Eftir að hafa rætt málið allýtarlega klofnaði nefndin. Þeir FÞ og SÓÓ leggja til, að frumvarpið sé fellt, og munu skila sérstöku nefndaráliti, en við undirritaðir leggjum til, að það verði samþykkt.

Við lítum svo á, að þegar sjónarmið allra bænda í dýralæknisumdæmum Vestfjarða og Dala eru athuguð, þá sé heppilegra að skipta svæðinu milli umdæmanna eins og gert er í frumvarpinu. Vegir hafa batnað mjög eftir Barðastrandarsýslunni, og er bílfært að sumrinu eftir henni endilangri. Og að vetrinum gengur póstur reglulega milli Patreksfjarðar og Króksfjarðarness — og notar snjóbil, sé ekki fært öðruvísi. Hins vegar eru engar landsamgöngur milli Ísafjarðar og Vestur-Barðastrandarsýslu og ekki líkur til þess, að þær komist á næstu árin. Ísafjarðarumdæmi dýralæknis er líka það stórt og erfitt yfirferðar, að enn hefur enginn dýralæknir fengizt í það, en ætla má, að hægara verði að fá þangað dýralækni, ef frumvarp þetta verður að lögum. Hins vegar er því ekki að neita, að líkur eru til þess, að erfiðara verði fyrir bændur úr hluta af Dalasýslu að vitja dýralæknis, og fer það þó eftir því, hvar honum verður ákveðin búseta.

Annars er það svo, að enn má telja bændur í ýmsum landshlutum dýralæknislausu, enda þótt þeir séu búsettir í ákveðnu dýralæknisumdæmi. Verður þróunin því ótvírætt sú, að dýralæknisumdæmin breytast, eftir því sem samgöngur breytast, og umdæmum fjölga, eftir því sem búféð verður arðsamara og kröfur um bættu líðan þess vaxa. Þetta er fyrsta sporið, sem stigið er í þá átt, síðan lögin frá 1955 voru sett, en mörg munu á eftir koma á komandi árum.

Reykjavík, 11. marz 1958.

Páll Zóphóníasson,
form., frsm.

Sigurvin Einarsson,
fundaskr.

Finnbogi R. Valdimarsson.